



## Samruni Jómfrúinnar eignarhaldsfélags ehf. og Snaps ehf.

### I.

#### Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi sem Samkeppniseftirlitinu barst þann 3. mars 2016 var tilkynnt um samruna Jómfrúinnar eignarhaldsfélags ehf. við Snaps ehf. (hér eftir „Snaps“). Sama dag barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Um var að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008. Greiðsla samrunagjalds var innt af hendi þann 2. mars 2016. Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið hér.

### II.

#### Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í því tilviki sem hér er um að ræða hefur Jómfrúin eignarhaldsfélag keypt 100% hlutfjár í Snaps. Eftir kaupin fer félagið með yferráð yfir Snaps og Jómfrúnni veitingahúsi ehf. (hér eftir „Jómfrúin“). Vísað er til þess í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins að samruninn falli undir c-lið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, en þar segir m.a. að samruni verði þegar einn, eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti.

Ekki stendur til, með vísan í samrunaskrá, að sameina Jómfrúna og Snaps í félagaréttar- eða skattaréttarlegum skilningi. Snaps verði því, a.m.k. fyrst um sinn, rekið sem dótturfélag Jómfrúinnar eignarhaldsfélags. Aðalmarkmið eigenda félagsins með samrunanum er, skv. samrunaskrá, að styrkja rekstur félagsins og auka við þjónustuframboð þess. Að svo stöddu hafi ekki verið teknar neinar ákvarðanir um sameiningu eða samlegð í rekstri félaganna. Samrunaaðilar kveðjast þó hafa hug á að ná fram hagræðingu í rekstri félaganna, t.a.m. með sameiginlegum rekstrar- og stjórnunarkostnaði.



## 1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Snaps rekur veitingastaðinn Snaps Bistro-Bar á Þórsgötu auk þess að starfrækja veislubjónustu. Jómfrúin eignarhaldsfélag rekur Jómfrúna á Lækjargötu sem sérhæfir sig í framreiðslu á dönsku smurbrauði og starfrækir einnig veislubjónustu.

Jómfrúin eignarhaldsfélag er í eigu tveggja hluthafa, Eyju fjárfestingafélags ehf. og Jakobssonar ehf. Eigendur Eyju eru tveir einstaklingar sem eru jafnframt óbeinir hluthafar í Pizza Pizza ehf., en það félag rekur Domino's Pizza, Joe Iceland ehf. sem rekur Joe & the Juice sem og Gló eignarhaldsfélag ehf. sem rekur veitingastaði undir nafninu Gló. Eyja hefur einnig yfirlit yfir HRC Íslandi ehf. sem hefur fengið sérleyfi til rekstrar Hard Rock Café á Íslandi, en sá staður hefur ekki hafið starfsemi enn. Eigandi Jakobsson ehf. er einn einstaklingur, en það félag hefur ekki yfirlit í öðrum félögum.

Snaps hefur verið í eigu tveggja hluthafa; Sæmundar ehf. og B48a ehf. Eigandi alls hlutafjár Sæmundar er einn einstaklingur og á félagið einnig hlut í Bergstaðastræti 14 ehf. sem starfar á markaði óskyldum samrunaaðilum. Eigandi alls hlutafjár B48a ehf. er einn einstaklingur. Félagið á einnig hlut í Bergstaðastræti 14 ehf. á mótí Sæmundi ehf. Snaps hefur ekki yfirlit yfir öðrum félögum.

Eftir samrunann munu yfirlit eignarhaldsfélagsins Jómfrúinnar verða með þeim hætti að Eyja fjárfestingafélag ehf. verður meirihlutaeigandi, Jakobsson ehf., Sæmundur ehf. og B48a ehf. munu deila minnihlutaeign í eignarhaldsfélaginu Jómfrúnni ehf.

Samrunaaðilar telja Snaps og Jómfrúna hvort tveggja starfa á markaði fyrir veitingastaði. Þá telja samrunaaðilar Pizza Pizza ehf. starfa á markaði fyrir skyndibitastaði ásamt Joe Íslandi ehf. sem og Gló eignarhaldsfélagi ehf. HRC Ísland ehf. stefni að opnun eins veitingastaðar síðar meir.

Samrunaaðilar starfa samkvæmt framangreindu á sama þjónustumarkaði, þ.e. markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði og er vísað í samrunaskrá til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2011, *Kaup FoodCo hf. á öllu hlutafé í Shiraz*, þar sem slíkur markaður var skilgreindur við úrlausn málsins. Samrunaaðilar telja að aðaláhrifa samrunans gæti á höfuðborgarsvæðinu þar sem samrunaaðilar sjálfir starfa aðeins á höfuðborgarsvæðinu, en tengdir aðilar starfa að einhverju leyti utan höfuðborgarsvæðisins til viðbótar við starfsemi innan þess svæðis. Landfræðilegur markaður málsins sé því höfuðborgarsvæðið. Samkeppniseftirlitið sér ekki ástæðu til þess að vera ósammála þessu mati samrunaaðila.

Markaður málsins er því markaður fyrir veitinga- og skyndibitastaði á höfuðborgarsvæðinu.

## 2. Áhrif samrunans

Samrunaaðilar telja markaðshlutdeild sína á ofangreindum markaði ekki nema því marki að hann hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Þá telja samrunaaðilar að samruninn verði ekki til þess að raska samkeppni á markaði að



öðru leyti með umtalsverðum hætti. Rétt sé að líta til þess að mikil samkeppni ríki á umræddum markaði og litlar aðgangshindranir séu til staðar fyrir nýja aðila. Þá beri einnig að líta til þess að framboðsstaðganga sé mikil.

### III.

#### Niðurstaða

Líkt og greint hefur verið frá starfa samrunaaðilar og tengdir aðilar á sama markaði að hluta til. Þó eru ekki vísbendingar um að aðilarnir hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif hans óveruleg. Þá má taka undir það mat samrunaaðila að aðgangshindranir inn á markað málsins séu óverulegar og að samkeppni sé virk á honum.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

### IV.

#### Ákvörðunarorð

**„Kaup Jómfrúrinna eignarhaldsfélags ehf. á Snaps ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson